



Rafræn opinber þjónusta

FAGHÓPUR

Stjórn 2020 - 2021

Andri Heiðar Kristinsson, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ágúst Valgeirsson, Advania

Fjóla María Ágústsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga

Hjörtur Þorgilsson, Háskóli Íslands

Steingrímur Hólmsteinsson, Kópavogsbær

Sveinbjörn E. Y. Gestsson, Menntamálastofnun

AUKINN HRAÐI STAFRÆNNAR ÞRÓUNAR HINS OPINBERA – 27. MAÍ

11:55 Útsending hefst

12:00 [Stafræn vegferð hins opinbera](#)

Andri fer yfir framtíðarsýn Stafræns Íslands og framþróun stafrænnar opinberrar þjónustu með þróun á opnum hugbúnaði í samstarfi við atvinnulífið.
Andri Heiðar Kristinsson, Stafrænt Ísland

12:15 [Fjármál á Ísland.is](#)

Vilhjálmur mun fara yfir stafrænar lausnir sem Fjársýslan hefur verið að þróa með Stafrænt Ísland. Hann mun fara yfir innleiðingu á útsendum reikningum, fjármál á Ísland.is og nýjar greiðslugáttir.

Vilhjálmur Örn Sigurhjártarson, Fjársýsla ríkisins

12:30 Um stafræna vegferð Landspítala á Covid tímanum

Björn segir frá stafrænum verkefnum sem Landspítali hefur unnið að á sl. mánuðum. Innleiðingu á Office og þróun apps fyrir sjálfsþjónustu sjúklinga og fjarheilbrigðisþjónustu sem þeir unnu með SideKickHealth.

Björn Jónsson, Landspítali

12:45 [Smáforritið Rakning C-19](#)

Ægir fjallar um ferlið við þróun á rakningarappinu fyrir Embætti landlæknis og samstarf ólíkra fyrirtækja sem saman þróuðu smáforritið á mettíma.

Ægir Giraldo Þorsteinsson, Aranja

13:00+ Fundarslit

Fundarstjóri: Fjóla María Ágústsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga

HRAÐAAUKNING Í STAFRÆNNI ÞRÓUN HINS OPINBERA – 13. JANÚAR

Dagskrá:

12:01 [Fæðingarorlof á netinu](#)

Verkefnasaga stafrænnar umsóknar um fæðingarorlof. Ferillinn frá vinnustofu til útgáfu og þær áskoranir sem þurfti að yfirstíga. Stafræn umsókn um fæðingarorlof er fyrsta opinbera umsóknin þar sem nokkrir hagsmunaaðilar koma að sömu umsókn. Umsóknin er grunnur sem fjöldi stofnanna mun geta nýtt sér til framtíðar þar sem hún er smíðuð í nýju tæknihverfi Island.is í opnum hugbúnaði.

Vésteinn Viðarsson, Stafrænt Ísland

12:15 [Þverfagleg stafræn teymi í Seðlabanka Íslands](#)

Reynslusaga af stofnun, skipulagi, samvinnu og árangri stafræns þverfaglegs „ofurteymis“ í Seðlabanka Íslands sem stofnað var í fyrstu bylgju Covid-19 í apríl 2020.

Bjarni Þór Gíslason, Seðlabanki Íslands

12:30 Gróðurhúsið

Gróðurhúsið eru vinnustofur fyrir teymi innan Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á þjónustuhönnun og unnið með notendaviðtöl, gerð frumgerða og nýja nálgun í teymisvinnu. Teymi koma inn með áskoranir sem þau leysa með ofantöldum nálgunum til að bæta líf borgarbúa.

Andri Geirsson og Björk Brynjarsdóttir, Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar

12:45 [Þjóðskjalasafn og opinberir aðilar, staðan í dag og stefnan til framtíðar](#)

Lagaskylda og regluverk um varðveislu rafrænna gagna afhendingarskyldra aðila, staðan í dag og stefnan til framtíðar.

Njörður Sigurðsson, Þjóðskjalasafn

13:00 Fundarslit

Fundarstjóri: Vigdís Jóhannsdóttir hjá Stafrænu Íslandi

Hið opinbera er á fleygiferð í stafrænni þróun og áhersla og fjármagn hefur verið sett í miklu meira mæli í þessa vegferð. Stafrænt Ísland með vefsíðunni Island.is vinnur að því að bæta aðgengi íbúa að upplýsingum og þjónustu með áherslu á sjálfsafgreiðslulausnir. Reykjavíkurborg og margar ríkisstofnanir leggja gríðarlega mikla áherslu á þessi mál og er hið opinbera byrja að róa í sömu átt til að koma stafrænni þjónustu hins opinbera á hærra plan.